

Flutningsmaður tillögu: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Breytingartillögur eru yfirstrikaðar í gulu.

22. grein

Stjórn BÍS stýrir starfsemi BÍS á milli Skátaþinga í umboði þess. Stjórn BÍS skal skipuð sjö skátum: skátahöfðingja, gjaldkera og fimm meðstjórnendum. Stjórn skal funda reglulega, að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundur er löglegur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

Fundargerðir stjórnar BÍS skulu birtar á heimasíðu BÍS.

Öllum skátum er heimilt að bera erindi undir stjórn BÍS.

22. grein verður:

Stjórn BÍS stýrir starfsemi BÍS á milli Skátaþinga í umboði þess. Stjórn BÍS skal skipuð sjö skátum: skátahöfðingja, gjaldkera og fimm meðstjórnendum. Stjórn skal funda reglulega, að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundur er löglegur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

Fundir stjórnar BÍS skulu auglýstir á heimasíðu BÍS með minnst viku fyrirvara. Öllum skátum er heimilt að sitja fundi stjórnar BÍS. Skátum má víkja af stjórnarfundum ef ræða á viðkvæm trúnaðarmál.

Samþykktar fundargerðir stjórnar BÍS skulu birtar á heimasíðu BÍS. Þegar stjórn fjallar um viðkvæm trúnaðarmál skal halda utan um þau í sérstakri trúnaðarbók sem einungis er aðgengileg stjórnarmeðlimum.

Öllum skátum er heimilt að bera erindi undir stjórn BÍS.

22. grein rökstuðningur:

Fundir stjórnar BÍS og það sem fer þar fram á ekki að vera neitt leyndarmál. Mikilvægt er að meðlimir BÍS upplifi að stjórn BÍS sé þeim aðgengileg og að þau geti fylgst með umræðum um þau mál sem eru tekin fyrir á stjórnarfundum enda eiga þau mál, í flestum tilfellum, sannarlega erindi við skátahreyfinguna alla. Það er einnig mikilvægt að haldið sé vörð utan um þau trúnaðarmál sem eru rædd á stjórnarfundum og þau skilmerkilega varðveitt með þar til gerðri skjalavörslu.